

Greinargerð

um framkomnar athugasemdir á kynningartíma tillögu að friðlýsingu Borgarvogs í Borgarbyggð.

Tillaga að friðlýsingu Borgarvogs sem friðlands í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (nvl.) var lögð fram til kynningar þann 13. apríl 2021. Tillagan var send sveitarfélaginu Borgarbyggð og öllum samráðs- og hagsmunaaðilum sem málið gæti varðað auk landeigendum/rétthöfum sem jafnframt var kynntur réttur til bóta. Upplýst hvar tillöguna væri að finna og hvernig hægt væri að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri. Sérstaklega var óskað eftir umsögnum fagstofnana sem ekki áttu sæti í samstarfshópnum. Auk þess var tillagan auglýst á vef Umhverfisstofnunar og Facebook síðu Umhverfisstofnunar. Þá hélt Umhverfisstofnun opinn kynningarfund um tillöguna í Borgarnesi þann 24. júní 2021 og var fólk hvatt til að senda athugasemdir sínar og ábendingar. Frestur til að senda inn athugasemdir og ábendingar var til og með 14. júlí 2021.

Alls bárust erindi frá sjö aðilum á kynningartíma; frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Björgunarsveitinni Brák, Minjastofnun Íslands, Landgræðslunni, Skotvís, Skógræktinni og Hafrannsóknastofnun. Hér á eftir er gerð grein fyrir innsendum athugasemdum ásamt viðbrögðum við þeim:

Afmörkun svæðisins

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að stofnunin hafi sent Umhverfisstofnun álit sitt um verndargildi Borgarvogs, dags. 2. nóvember 2020, sem og umsögn um áformin um friðlýsingu, dags. 22. febrúar 2021, þar sem fram kemur að friðlýsingu Borgarvogs sé fagnað en jafnframt að stofnunin telji að friðlýsingarmörkin sem kynnt voru þyrfti að endurskoða þannig að þau nái yfir vistfræðilega heild svæðisins en með því sé hátt verndargildi svæðisins betur tryggt til framtíðar. Lagði stofnunin til æskileg friðlýsingarmörk á korti sem fylgdi umsögninni. Stofnuninni þyki því miður að mörk svæðisins hafi ekki tekið breytingum frá því að áform voru fyrst kynnt þar sem við það glattist tækifæri til að ná heildstæðri verndun yfir vistfræðilega heild. Að því sögðu nái mörkin yfir alla gulförungaleiruna sem er afar fágæt vistgerð á landsvísu og er mikilvægt búsvæði fyrir vaðfugla. Þá nær friðlýsingin yfir það svæði sem er undir hvað mestu álagi vegna nálægðar við byggð í Borgarnesi.

Viðbrögð:

Sú afmörkun sem tillagan nær til er niðurstaða vinnu samstarfshóps sem vann að undirbúningi friðlýsingarinnar og leggur til að svo stöddu. Um leið og tekið er undir mikilvægi svæðisins og að æskilegt hefði verið að friðlýsingin hefði náð til stærra svæðis er á það bent að umrætt svæði er ekki á framkvæmdaáætlun náttúruminjasrár, sbr. 33. gr. nvl. en af því leiðir að friðlýsing verður ekki ákveðin nema með samþykki landeiganda og viðkomandi sveitarfélags, sbr. 2. mgr. 38. nvl. Við undirbúning tillögunnar um friðlýsingu Borgarvogs kannaði Umhverfisstofnun sérstaklega vilja landeigenda aðliggjanda jarða í því skyni að kanna hvort að friðlýsingin gæti tekið til stærra svæðis. Landeiganda aðliggjandi jarða hugnaðist hins vegar ekki friðlýsing, a.m.k. ekki að svo stöddu. Samkomulag hefur hins vegar náðst við landeigendur um mörk svæðisins samkvæmt auglýstri tillögu og mun Umhverfisstofnun því senda þá tillögu til

ráðherra til ákvörðunar í samræmi við þá málsmeðferð sem kveðið er á um í 39. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umferð um svæðið

Björgunarsveitinni Brák bendir á að með 6. gr. tillögunnar sé öll notkun vélknúinna vatnatakja (s.s. sjókatta, sæpota o.þ.h.) gerð óheimil innan friðlandsins, nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kemur það í veg fyrir að björgunaraðilar geti sinnt nauðsynlegum verkefnum sínum en t.a.m. eru flestir bátar Brákar knúnir utanborðsmótorum sem geta varla talist hljóðlátir. Brákarsund sé umferðaræð fyrir smærri báta frá Borgarneshöfn og hefur Brák notað sundið bæði til umferðar vegna útkalla sem og við æfingar. Með þetta í huga leggur Brák til að annað hvort verði útmörk friðlandsins færð að strandlínu Litlu-Brákareyjar eða að sjómferð björgunaraðila, þ.m.t. Brákar, fái undanþágu frá banni 6. gr. tillögunnar. Áréttað er að athugasemdin er ekki sett fram til að hægt sé að fara um Brákarsund í tíma og ótíma heldur til að hægt sé að nýta sundið sem umferðaræð þegar á ríður.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að umfjöllun í 6. gr. tillögunnar um að ávallt skuli fara eftir merktum leiðum og skipulögðum stígum, slóðum eða vegum eftir því sem auðið er, eigi ekki vel við þar sem að friðlandið nái lítið sem ekkert upp á land og því ólíklegt að það verði nokkrir slíkir stígar eða vegir innan friðlandsins og alls ekki skynsamlegt að hvetja til þess að slóðar myndist í fjöruborðinu. Þá þykir stofnuninni sömuleiðis sérkennilegt að tala um *næturdvöl og tjöldun* en það kunnir að vera nauðsynlegt vegna skika af landi innst í Borgarvogi.

Viðbrögð

Að ábendingu Brákar hefur 6. gr. tillögunnar að friðlýsingarskilmálum fyrir svæðið verið breytt á þann veg að undanskildar frá banni við notkun vélknúinna vatnatakja eru leitar- og björgunaraðgerðir: Þá er nú mælt fyrir um að nánar skuli fjallað um slíkar aðgerðir og æfingar vegna þeirra í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið, þar sem meðal annars verði skilgreint hvar æfingar fari fram. Er þannig gert ráð fyrir samráði við Brák við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið.

Varðandi ábendingu Náttúrufræðistofnunar þá hefur orðalagi tillögunnar verið breytt til að taka af vafa um að ekki sé verið að hvetja til þess að slóðar myndist í fjöruborðinu. Hins vegar þykir þarft að ávarpa næturgistingu og tjöldun í tillögunni af sömu ástæðu og stofnunin nefnir.

Umgengni um svæðið

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að í 7. grein, þar sem fjallað er um umgengni og óheimilt að skilja eftir eða urða úrgang innan friðlandsins, sé mikilvægt að greinin nái einnig yfir losun skólps eða annars afrennslis sem gæti verið mengað. Tryggja þurfi að afrennslis ofanvatns sem skilar sér í friðlandið sé hreinsað á fullnægjandi hátt.

Viðbrögð:

Litið er svo á að hægt verði að fjalla sérstaklega um afrennslis og fráveitumál í stjórnunar- og verndaráætlun og hefur tillögunni verið breytt í samræmi við það.

Bent er á löggjöf um fráveitumál og hreinsun fráveituvatns sem er einn af mikilvægustu þáttum umhverfisstjórnunar. Eitt lykilatriðanna er sú krafa að koma á kerfisbundinni söfnun, meðhöndlun og hreinsun á skólpi frá íbúðarbyggð og atvinnurekstri til að vernda almenning og

umhverfið gegn mengun af völdum skólps. Í því skyni hefur Ísland innleitt tilskipun Evópuþingsins nr. 91/271/EBE í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Heilbrigðisnefndir undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar bera ábyrgð á að kröfum um fráveitumál sé framfylgt, í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Samkvæmt meginreglu 4. gr. laga nr. 9/2009 bera sveitarfélögin ábyrgð á uppbyggingu fráveitna og á að koma á fót og starfrækja sameiginlega fráveitu í þéttbýli.

Einnig er þess að geta að lög um stjórn vatnamála innleiða nýja nálgun í vatnsvernd hér á landi. Lögnum er ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun hefur lagt fram til kynningar tillögu að fyrstu vatnaáætlun fyrir Ísland sem felur í sér stefnumörkun um vatnsvernd. Hluti af vatnaáætlun er aðgerðaáætlun vatnaáætlunar 2022-2027 þar sem settar eru fram aðgerðir til að tryggja gott ástand vatns og vöktunaráætlun þar sem markmiðið er m.a. að samræma vöktun á vatni um allt land. Umfangsmestu aðgerðirnar skv. áætluninni snúa að því að uppfylla reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og koma fráveitumálum á Íslandi í ásætlanlegt horf, þ.e. að fráveita í þéttbýli uppfylli kröfur um skólphreinsun. Endurskoðun á reglugerð um fráveitur og skólp stendur nú yfir á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytis og samþykkt hefur verið breyting á lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna þar sem að á árunum 2020-2030 skal veita framlag úr ríkissjóði sem nemur hlutdeild í kostnaði við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga.

Þá er þess að geta að ef mengun ógnar lífríki verndarsvæðisins brýtur það í bága í friðlýsingarskilmálana, sbr. t.a.m. 2. gr. þeirra. Er Umhverfisstofnun þá einnig heimilt að beita viðurlögum náttúruverndarlaga, sbr. 14. gr. tillögunnar.

Meningarminjar og samráð

Minjastofnun Íslands vekur athygli á að stofnunin annast framkvæmd laga nr. 80/2012 um menningarminjar og að aðrar ríkisstofnanir hafa ekki umboð til að standa að friðlýsingu menningarminja. Minnir stofnunin á mikilvægi góðs samstarfs við alla hagsmunaaðila. Því sé mikilvægt að tryggja gott samráð Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar varðandi frekari vinnu við friðlýsingu svæðisins og eins og við gerð friðlýsingarskilmála og stjórnunar- og verndaráætlunar. Þá þurfi að vera tryggt að friðlýsingin skapi ekki óvissu um stjórnsýslu menningarminja á svæðinu og að Minjastofnun geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Þá er upplýst að í Borgarvogi sé að finna búsetuminjar frá fyrri tíð og varðveisluvert menningarlandslag. Forleifaskráning hafi verið gerð fyrir valdar jarðir í Borgarbyggð af Fornleifastofnun Íslands (lokaskýrsla útgefin árið 2009, nr. FS409-08071) og taldist nægileg á þeim tíma. Nýir staðlar voru hins vegar settir fram fyrir fornleifaskráningu 2012 og varð notkun þeirra lögbundin 1. janúar 2013.

Viðbrögð:

Tekið er undir mikilvægi góðs samstarfs og samráðs Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar, hér eftir sem hingað til. Minjastofnun er bent á að í 11. gr. tillögunnar að friðlýsingu Borgarvogs er þess sérstaklega getið að um verndun menningarminja fari samkvæmt lögum nr. 80/2012 um menningarminjar. Minjastofnun var á meðal þeirra sem sérstaklega var leitað umsagnar hjá þegar tillagan að friðlýsingu svæðisins var kynnt og gert er ráð fyrir samráði við Minjastofnun við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið.

Veði, nýting hlunninda og notkun skotvopna

Skotvís gerir athugasemd við 13. grein tillögunnar sem fjallar um *veiðar, nýtingu hlunninda og notkun skotvopna*. Skotvís telur sjálfbærar veiðar ekki vera ógn við markmið friðlýsingarinnar né ganga gegn þeim. Sjálfbærar veiðar ógni ekki náttúrulegu ástandi vogsins né hafi áhrif á líffræðilega fjölbreytni svæðisins. Afrán og veiðar eru hluti af náttúrulegum lögmálum. Ef almenningur fær að njóta svæðisins til náttúruskoðunar og fræðslu þá ættu skotveiðimenn einnig að geta notið þess.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að ekki ætti að veita alhliða heimild á notkun skotvopna til refaveiða heldur ætti að skilgreina heimild um undanþágur t.d. þegar verja þarf æðavarp og slíkt þá eigi það líklega einungis við lítinn hluta friðlandsins t.d. alls ekki nálægt byggð í Borgarnesi. Veiðar á villtum dýrum sem ekki teljast framandi ágengar tegundir eru í ósamræmi við ákvæði 10. greinar um verndun lífríkis og að óheimilt sé að trufla dýralíf og því heppilegra að heimildir til veiða séu veittar sem undanþágur. Heimild er veitt fyrir netalögnum fyrir silung. Mikilvægt er að í stjórnunar- og verndaráætlun sé fjallað nánar um framkvæmd netalagna þannig að öðru lífríki t.d. fuglum og selum standi ekki ógn af þeim.

Viðbrögð:

Bent er á að tillagan gerir ráð fyrir því að Borgarvogur verði friðlýstur sem friðland enda er þar ríkt fuglalíf allt árið, sbr. 1. gr. tillögunnar. Markmiðið með friðlýsingu svæðisins, sbr. 2. gr. tillögunnar, er m.a. að viðhalda og vernda til framtíðar náttúrulegt ástand Borgarvogs og líffræðilega fjölbreytni svæðisins þannig að það fái að þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum sínum og á eigin forsendum. Í 13. gr. tillögunnar er sérstaklega tekið fram að veiði og notkun skotvopna skuli ávallt vera í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og stjórnvaldsfyrirmæli. Þess er að geta að samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 64/1994 skulu veiðar vera óheimilar á svæðum sem eru friðlýst vegna dýralífs. Skotveiðimönnum er þó velkomið að njóta svæðisins til náttúruskoðunar og fræðslu eins og öðrum en það ítrekað að öll meðferð skotvopna er óheimil nema í tilteknum tilfellum, sbr. 13. gr. skilmálanna.

Hvað varðar ábendingar Náttúrufræðistofnunar hefur 13. gr. tillögunnar verið í breytt í samræmi við þær.

Landnotkun og mannvirkjagerð

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að ekki eigi að leyfa hrossabeit í votlendinu.

Viðbrögð:

Varðandi beit á svæðinu þá kom fram á fundi samstarfshópsins þann 26. janúar 2021 að hrossum sé beitt að einhverju leyti í Suðurríki og á Fitjum í landi Borgar. Þá upplýsti landeigandi á fundi samstarfshópsins þann 16. febrúar 2021 að hrossabeit sem er á afmörkuðu svæði sé nú þegar stýrt af landeiganda og að vilji hans standi ekki til þess að banna alfarið hrossabeit. Var rætt um að hrossabeit yrði heimil á afmörkuðu svæði eins og verið hefur en að hún skuli að vera sjálfbær og þess gætt að ekki sé gengið á landgæði með henni. Að ábendingu Náttúrufræðistofnunar hefur tillögunni verið breytt þannig að þetta verði skýrara.

Annað

Landgræðslan fagnar tillögunni og gerir ekki athugasemdir við friðlýsingu Borgarvogs samkvæmt kynningunni en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti

er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, vernd og endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.

Viðbrögð:

Landgræðslunni er þakkað boð um veitta aðstoð.

Skógræktin og Hafrannsóknastofnun gerðu ekki athugasemdir við tillöguna.

Reykjavík 15. júlí 2021
UST20210-101/EBSH
09.03.